

**Nd.**

**120. Nefndarálit**

**[8. mál]**

um frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að heimila ríkisstjórninni að selja þrjár húseignir, svo og prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit.

Ég tel rétt að heimila sölu húseignanna. Um sölu Setbergs gegnir öðru máli. Menntamálanefnd er sammála um það, að Melrakkaey, sem fylgir jörðinni og auðug er af fuglalífi, verði ekki seld, en æskilegast, að hún verði friðlýst. Þá er augljóst, að ríkissjóð dregur skammt andvirði jarðarinnar, ekki sízt að eyjunni undantekinni, og þess vegna engin nauðsyn að selja jörðina. Sé hins vegar núverandi ábúanda áhugamál að tryggja sér jörðina til áframhaldandi búskapar, ætti honum að verða það auðveldara með því að fá jörðina til erfðafestuábúðar en þurfa að kaupa hana.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGU:**

Við 1. gr. 2. másl. (Prestssetursjörðina Setberg o. s. frv.) falli niður.

Alþingi, 7. des. 1967.

Sigurvin Einarsson.